



## Samþykkt fyrir æskulýðs- og tómstundanevnd Flóahrepps

### 1. gr.

Æskulýðs- og tómstundanevnd Flóahrepps fer með æskulýðs- og tómstundamál eftir því sem nánar er kveðið á um í lögum og samþykkt þessari.

### 2. gr.

Æskulýðs- og tómstundanevnd er skipuð þremur fulltrúum og þremur til vara, tilnefndum af sveitarstjórn. Æskulýðs- og tómstundanevnd sækir umboð sitt til sveitarstjórnar sem kýs nefndinni formann. Kjörtímabil nefndar er það sama og sveitarstjórnar. Nefndin skal rita fundargerðir og senda sveitarstjórn þær til staðfestingar. Fulltrúar í æskulýðs- og tómstundanevnd skulu gæta þagmælsku um einkamálefni fólks sem fjallað er um á fundum nefndarinnar. Fulltrúi skal víkja af fundi og kalla til varamann, tengist hann einstaklingum eða málum sem fjallað er um í nefndinni þannig að spillt geti óhlutdrægni hans og valdið tortryggni.

### 3. gr.

Hlutverk æskulýðs- og tómstundanevndar er:

- Að efla æskulýðs og tómstundastarf í Flóahreppi.
- Að gera tillögur til sveitarstjórnar um markmið í æskulýðs- og tómstundamálum fyrir unglunga í Flóahreppi.
- Að skipuleggja æskulýðs- og tómstundastarf í Flóahreppi í samstarfi við ungmennaráð Flóahrepps, félag, stofnanir og þá aðila sem málið varðar.
- Að vinna að forvarnarmálum innan sveitarfélagsins í tengslum við Flóaskóla.
- Að veita sveitarstjórn umsagnir um málefni sem snerta æskulýðs- og tómstundamál.
- Að gera tillögur að fjárhagsáætlun til sveitarstjórnar um útgjaldaliði æskulýðs- og tómstundamála í sveitarfélaginu og gæta þess að vera innan ramma áætlunar hverju sinni.

### 4. gr.

Verkefni æskulýðs- og tómstundanevndar eru:

- Að skipuleggja starf tengt æskulýðs- og tómstundamálum fyrir unglunga og ungmenni í Flóahreppi.
- Að styðja við rekstur félagsmiðstöðvar í Flóahreppi og hafa virkt eftirlit með starfinu
- Að leggja mat á þörf fyrir starfsmannahald í tengslum við æskulýðs- og tómstundastarf í Flóahreppi.

### 5. gr.

Fundir í æskulýðs- og tómstundanevnd skulu haldnir reglulega og ekki sjaldnar en fimm sinnum á ári. Formaður nefndar boðar fund og stýrir honum. Boða skal til aukafundar ef meirihluti nefndarmanna óskar eftir því enda sé fundarefni tilgreint.

### 6. gr.

Fulltrúar í æskulýðs- og tómstundanevnd skulu kynna sér þau lög og þær reglugerðir sem gilda um þá málaflokka sem heyra undir nefndina og samþykktir og reglur sem sveitarstjórn hefur sett.



7. gr.

Nefndin skal gæta ákvæða stjórnsýslulaga við meðferð mála.

Samþykkt á fundi sveitarstjórnar Flóahrepps 05.12.2018

A blue circular stamp from the Municipality of Flóahrepps is centered on the page. The stamp contains the text "SVEITARSTJÓRI" at the top and "FLÓAHREPPS" at the bottom. Overlaid on the stamp is a handwritten signature in blue ink, which reads "Eydís Þ. Indriáadóttir". A horizontal line is drawn across the signature.

Eydís Þ. Indriáadóttir sveitarstjóri